

Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 7. desember 2018
UST201811-080/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Aðalskipulagsbreyting- Rangárþings eystra - Eyvindarholt

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á svæði í landi Eyvindarholts í Rangárþingi eystra.

Í greingargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að Langhólmi verði frístundabyggð. Um er að ræða 36,2 ha. spildu úr landbúnaðarlandi í landi Eyvindarholts, skammt vestan við Stóra Dímon.

Tilefni breytingar

Í greinargerð kemur fram að tilefni breytinganna er vaxandi eftirspurn eftir frístundalóðum í sveitarféluginu, m.a. vegna gríðarlegri fjölgun erlendra ferðamanna á svæðinu. Í sveitarféluginu eru fjölmörg óbyggð frístundasvæði. Það er mat Umhverfisstofnunar að uppygging frístundabyggðar haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind, og að komist sé hjá því að farið verði inn á svæði sem eru óröskuð, hverfisverndsvæði eða svæðum sem liggja að svæðum á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að teknar verði saman upplýsingar um hversu margar af þegar skilgreindum frístundalóðum hafa verið byggðar.

Hverfisvernd - Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til hverfisverndarsvæðis Hv-234 Markarfljótsaurar – Tjarnarnes. Í gildandi aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram varðandi svæðið: „*Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts. Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp. Á náttúruminjaskrá og hluti af Markarfljótsaurum sem eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði*“. Umhverfisstofnun bendir á að skúmur (*Catharacta skua*) er flokkaður sem tegund í bráðri hættu á nýjum válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) og er því mikilvægt að forðast allt rask á búsvæði hans.

Landið sem tillagan nær til liggur við svæði sem er á nr. 717 á náttúruminjaskrá og kallast Litla- og Stóra-Dímon. Svæðið er lýst á eftirfarandi hátt: „*Höfðarnir Litla- og Stóra-Dímon, í landi Eyvindarkots, ásamt nánasta umhverfi. Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.*“ Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt sé að taka tillit til náttúrminjanna svo að tillagan haft ekki neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og verndargildi minjanna.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur